



Fundargerð

438. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 mánudaginn 16. desember 2019. Þetta er 12. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 9 blaðsíður.
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.
Jóna Björk Jónsdóttir Z-lista boðar forföll. Í hennar stað er mættur Gústaf B. Pálsson 1. varamaður Z-lista.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundu

18. nóvember sótti sveitarstjóri upplýsingafund Atvinnufulltrúa og kynningarfulltrúa á Kirkjubæjarstofu. Þann dag sótti sveitarstjóri og varaoddviti stjórnarfund Kirkjubæjarstofu. 20. nóvember sótti oddviti fund hjá Sambandinu um heimsmarkmiðin. 22. nóvember var Loftslagsráðstefna á Höfn sem sveitarstjóri sótti. 25. nóvember var símafundur með landeigendum Klausturjarðarinnar. 27.-28. nóvember sátu sveitarstjóri og atvinnufulltrúi NordRegio ráðstefnuna í Hörpu. 29. nóvember sótti oddviti stjórnarfund SASS á Selfossi. 2. desember var vinnufundur hjá sveitarstjórn. Undirbúningur vegna endurskoðunar 2019 er hafin. 9. desember sótti oddviti fund í stjórn Skógasafnsins. 13. desember sótti oddviti, sveitarstjóri og Arndís Harðardóttir fund í verkefnahóp um sameiningarmál á Hvolsvöll. Þann sama dag sótti oddviti stjórnarfund SASS á Selfossi.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Skaftárhrepps, dags.12.12.2019

1. 1912003 Endurskoðun Aðalskipulags Rangárþings Eystra – Óskað umsagnar

2.Guðmundur Úlfar Gíslason skipulags- og byggingarfulltrúi f.h. Rangárþings eystra óskar eftir umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032 skv. 1.mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

„Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við framlagða skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032.“

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við lýsinguna.

2. 1912004 Mástorfa 2-4, Hrífunesi – Deiliskipulags breyting – Óskað heimildar.

Friðrik Friðriksson arkitekt, fh. Hrífunes ehf. kt. 460815-0960 óskar heimildar til deiliskipulagsbreytingar fyrir Mástorfu 2-4, að breyta 1 byggingarreit í 5 byggingarreiti á hvorri lóð fyrir kúluhús.

„Um er að ræða breytingu á byggingarmagni og þarf því að taka tillit til fjölgunar á bílastæðum, frekara aðgengi slökkviliðs að lóð og aðgengi að nægu slökkvivatni skal tryggt. Greinargerð með breyttu deiliskipulagi skal lýsa vel fyrirhugaðri húsagerð sem hyggja á á lóðnum, þau uppfylli öll skilyrði laga og reglugerða um mannvirki. Sérstaklega skal þess gætt að húsin uppfylli reglugerðir brunahönnunar í ljósi aukins byggingarmagns og m.t.t til fjarlægða milli húsa.



Skaftárhreppur

Skipulagsnefnd samþykkir ósk um deiliskipulagsbreytingu að uppfylltum framangreindum athugasemdum. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að fylgja málínu eftir og auglýsa breytinguna þegar deiliskipulagsuppdráttur og greinargerð hafa verið uppfærð. „

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

3. 1909001 Prestbakki, RARIK – Óskað eftir Ask br. og heimildar til Dsk gerðar

Hákon Bárðarson fh. RARIK ohf. kt. 520269-2669 óskar eftir breytingu á aðalskipulagi og heimildar fyrir gerð deiliskipulags á athafnalóð fyrtækisins að Prestbakka.

„Skipulagsnefnd samþykkir að br. á aðalskipulagi verði unnin samhliða vinnu við endurskoðun aðalskiðulags sem nú er í gangi. Heimild til deiliskipulagsgerðar er veitt og verði unnin samhliða aðalskipulagsbreytingunni.“

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

4. 1910002 – Ytra-Hraun – Stöðuleyfisumsókn

Sigurður Arnarsson kt. 290162-5649 sækir um stöðuleyfi að nýju fyrir íbúðagám skv. meðf. gögnum í landi Ytra-Hrauns. Samþykki landeigenda liggur fyrir. Viðbótarupplýsingar liggja fyrir skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd hefur verulegar áhyggjur að fjarlægð við ár og vötn og visar þar í skipulagsreglugerð gr. 5.3.2.14. þar sem kveðið er á um lágmarks fjarlægðir frá ám og vötnum.

Skipulagsnefnd áréttar að vegna stærðar húss er um byggingarleyfisskylda framkvæmd að ræða.

Skipulagsnefnd veitir 1 árs stöðuleyfi fyrir íbúðargánumum heimundir íbúðarhúsinu að Ytra-Hrauni á meðan endanleg staðsetning er fundin, lóð hefur veri stofnuð og hægt er að sækja um byggingaleyfi fyrir framtíðarhúsi. Staðsetning í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa og landeigendur.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

5. 1912007 Kálfafell 1 – Ósk um stofnun lóðar

Björn Snorrason f.h. Byggðabóls ehf kt. 450405-0860 og Rúnar Þ Snorrason kt. 220874-3469 óska eftir stofnun lóðar úr landi Kálfafells 1 skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

6. 1912005 Zephyr Iceland ehf. – Ósk um leyfi til uppsetningar vindmælinga- búnaðar í landi Syðri-Fljóta og Slýja í Meðallandi Skaftárhreppi.

Ketill Sigurjónsson fh. Zephyr Iceland ehf. kt. 601218-1510 í samvinnu við verkfræði- og ráðgjafafyrirtækið Norconsult sækir hér með um leyfi til uppsetningar á búnaði til að mæla vindaðstæður innan jarðanna Syðri-Fljóta og Slýja í Meðallandi. Sótt er um útgáfu á s.k. stöðuleyfi fyrir mælibúnaðinn.



„Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið. Verkefnið verði grenndarkynnt áður en stöðuleyfisumsókn verður tekin til afgreiðslu fyrir rannsóknarmastri með tilheyrandi búnaði.

8 1709017 Orustustaðir – Framkvæmdaleyfisumsókn vegna vegabóta

Ívar Pálsson lögmaður, f.h. Hreiðars Hermannssonar eiganda Orustustaða sækir um leyfi/framkvæmdaleyfi til lagfæringerar á hluta vegar frá þjóðvegi 1 að landamerkjum Orustustaða í Skaftárhreppi, þannig að vegurinn verði akfær öllum bílum. Sjá meðf. gögn „Skipulagsnefnd getur fyrir sitt leiti fallist á fyrirhugaðar vegabætur en þó með fyrirvara um samþykki landeigenda þess lands sem vegabæturnar taka yfir utan Orustustaðalands. „

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

9 1709017 Orustustaðir – Byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi

Friðrik Friðriksson arkitekt fh. Hreiðars Hermannssonar kt. 020648-4069 sækir um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi að Orustustöðum skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir byggingarleyfið“

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

10 1709017 Orustustaðir – Byggingarleyfi fyrir starfsmannahúsum

Friðrik Friðriksson arkitekt fh. Hreiðars Hermannssonar kt. 020648-4069 sækir um byggingarleyfi fyrir 3 starfsmannahúsum að Orustustöðum skv. meðf. gögnum. Staðsetning skv. deiliskipulagi.

„Skipulagsnefnd samþykkir byggingarleyfið með fyrirvara um að samþykki liggi fyrir frá landeigendum Hraunbóls/Sléttabóls og Fossjarða vegna aðkomuvegar.“

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

11 1908006 Tunga – Óskað umsagnar á fyrirhugaðri deiliskipulagsbreytingu.

Ottó Valur Ólafsson fh. Magmahótel ehf. kt. 410217-1040 óskar umsagnar skipulagsnefndar á fyrirhugaðri deiliskipulagsbreytingu í Tungu.

„Skipulagsnefnd tekur jákvætt í fyrirhugaða deiliskipulagsbreytingu og óskar eftir að fullunnin gögn og uppdrættir liggi fyrir næsta fundi til umfjöllunar og afgreiðslu.“

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

12 1912006 Skaftárvellir 22b – Óskað leyfis að breyta bílskúr í studio-ibuð

Zanet Barbara Andrzejewska kt. 040384-4569 óskar eftir leyfi að breyta bílgeymslunni að Skaftárvöllum 22b í studio-íbuð skv. meðf. gögnum

„Skipulagsnefnd samþykkir beiðnina með fyrirvara að fullnægjandi uppdrættir herist. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málmu.“

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.



13 Gjaldskrár

Gjaldskrá um þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúaembætisins, sjá meðf. gögn.
„Skipulagsnefnd vísar gjaldskránni til afgreiðslu sveitarstjórnar.“

Sveitarstjórni samþykkir gjaldskrána

Samþykkt um gatnagerðagjöld í Skaftárhreppi, sjá meðf. gögn.

„Skipulagsnefnd vísar samþykkt um gatnagerðargjöld í Skaftárhreppi til afgreiðslu sveitarstjórnar.“

Sveitarstjórni samþykkir samþykkt og gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Skaftárhreppi.

Þetta er síðari umræða sveitarstjórnar um gjaldskrárnar og felur sveitarstjórni skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa þær í B-deild.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórni.

3. Fundargerð 71. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 14.11.2019

Almenn mál

1. Endurskoðun á reglum um úthlutun félagslegs leiguþúsnaðis hjá Félagsþjonustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

Farið yfir gögn, tillaga að nýjum reglum lesnar ásamt minnisblaði frá lögmönnum Suðurlands. Niðurstaða: Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu samþykkir nýjar reglur um úthlutun á félagslegu leiguþúsnaði hjá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

Sveitarstjórni Skaftárhrepps samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

2. Endurskoðun á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning hjá félagsþjónustu Rangárvalla- g Vestur Skaftafellssýslu.

Farið yfir gögn, tillaga að nýjum reglum lesnar ásamt minnisblaði frá Lögmönnum Suðurlands. Niðurstaða: Félagsmálanfend Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu samþykkir nýjar reglur um úthlutun á félagslegu leiguþúsnaði hjá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

Sveitarstjórni Skaftárhrepps samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

3. Endurskoðun á reglum um félagslega heimaþjónustu.

Farið yfir reglnur og drög að nýrri gjalskrá vegna félagslegrar heimaþjónustu. Niðurstaða: Félagsmálanend samþykkir nýjar reglur um félagslega heimaþjónustu hjá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Félagsmálanefnd samþykkir nýja gjaldskrá vegna félagslegrar heimaþjónustu hjá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

Félagsmálanefnd hvetur öll aðildarsveitarfélögin til að innleiða nýja gjaldskrá svo að hún sé samræmd í öllu byggðarlaginu.

Sveitarstjórni Skaftárhrepps samþykkir innleiðingu á nýrri gjaldskrá.

4. Tillaga að verklagi og reglum um akstursþjónustu fyrir aldraða.

*LeBT / ASK
BNG
GBP. / KJG*



Skaftárhreppur

Farið yfir drög að reglum og verklagi vegna mögulegrar akstursþjónustu aldraðra og málid rætt. Félagsmálanefnd lýsir ánægju sinni með framkomin drög og óskar eftir því að drögin verði kynnt í sveitarstjórn og málid verði tekið til umræðu. Óskað etir álti og ábendingu frá sveitarstjórnnum.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar drögin og samþykkir reglurnar og verklag þjónustunnar fyrir sitt leyti.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

4. Fundargerð 15. fundar atvinnumálanefndar Skaftárhrepps, dags. 19.11.2019

Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi. Bjarki Guðnason varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

Hörður Davíðsson greinir fra erindi sínu a símafundi. Hann lýsir yfir áhyggjum af húsnæðisskorti í sveitarfélagini. Hann kemur með tillögu að bráðabyrgðahúsnæði til ca 10 ára. Hann stingur upp a að útvega lóð að Sólvolllum, bar sem hægt væri að koma upp ca 10-15 húsnæðum. Þar er aðgangur að Vatni og rafmagni. Húsin yrðu færarleg, Ca 40 fermetra einingar. Að lóðatímabilinu loknu (<10 ár) myndi eigandi geta ráðstafað húsinu. Gert er ráð fyrir að leigjandi að lóðinni kaupi fasteignina.

Á Klaustri eru að minnsta kosti 18 mánuðir lágmark þar til býðst. Núna eru fjölskyldur sem eru svo gott sem húsnæðislaust en vinnur a svæðinu, er með tímabundið húsnæði til vors en hvað svo?

Atvinnunefnd fagnar tillögu hans til að koma til móts við húsnæðisskortinn í hreppnum. Hvetjum

hann til að vinna hugmyndina afram og skoða skipulagsmál frekar með skipulags- og byggingarfulltrúa

Nefndin vill leggja áherslu á að uppbygging sé æskilegust innan þéttbýlisins svo ekki burfi að grípa til bráðabyrgðalausna.

Sveitarstjórn þakkar fyrir frumkvæðið og tekur undir afgreiðslu nefndarinnar.

Eva Björk Harðardóttir oddviti kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

2. Beiðni sveitarstjórnar um umsögn vegna „málsnúmer 1904001-endurskoðun aðalskipulags 2020-2032 frá fundi sveitarstjórnar þann 31.10.19

Atvinnumálanefnd þakkar fyrir greinargóða skýslu a endurskoðun aðalskipulags. Nefndin vill þó benda að taka mætti tillit til veru sveitarfélagsins innan Köllu UNESCO jarðvangs og Vatnajökulsþjoðgarðs.

Í skýrslunni er talað um að þriggja fasa rafmagn sé komið í sveitarfélagini. Sú staðhæfing teljum við að sé röng þar sem víða er það ekki komið á en verið er að vinna í þeim málum.

Sveitarstjórn þakkar fyrir athugasemdirnar og vísar þeim í vinnuhóp um aðalskipulag.



Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

5. Fundargerð 125 fundar rekstrarnefndar Klausturhóla, dags. 2.12.2019
 3. Fjárhagsáætlun 2020 til lokaumræðu, samþykkt til afgreiðslu sveitarstjórnar.
Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun Klausturhóla fyrir 2020.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

6. Fundargerð 167.fundar fræðslunefndar, dags. 3.12.2019
 2. Lýsing endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032.
Kafli 2 hér mætti taka fram að tilangurinn sé að innleiða Heimsmarkmiðin. Fræðslunefnd spyr hvort hægt að setja upp spá eða líkan um aldurssamsetningu svo hægt sé að gera áætlun um fjölda barna á leikskóla og grunnskólaaldri á gildistíma nýs aðalskipulags. Kafli 2.5, í upptalningu á grunnþjónustu hefu gleymst að telja upp að á Klaustri er að finna tónlistarskóla.
Kafli 4.1 Fræðslunefnd leggur til breytingu á texta í yfirmarkmiðum aðalskipulagsins. Áhersla er lögð á hófsemd og virðingu í umgengni við náttúruna, hagkvæma nýtingu lands og landgæða, eðlilega þróun og æskilega nýbreytni í atvinnuháttum, trausta mennta og velferðarþjónustu.
Í staðin fyrir að auka vægi opinberrar þjónustu mætti tala um að bæta opinera þjónustu, svo sem þjónustu menntastofnana.
Fræðslunefnd gerir ekki fleiri athugasemdir við lýsinguna.
Sveitarstjórn þakkar fyrir athugasemdirnar og vísar þeim í vinnuhóp um aðalskipulag.

3. Tillögur frá fræðslunefnd, varðandi öryggismál á skólalóð Kirkjubæjarskóla, sbr bókun sveitarstjórnar vegna fundargerðar fræðslunefndar nr 166.
Sveitarstjórn þakkar fyrir tillögurnar og felur sveitarstjóra að fylgja þeim eftir með skipulags- og byggingarfulltrúa.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

7. Fundargerð 42. fundar félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftaelssýslu, dags. 26.11.2019
 1. Drög að fjárhagsáætlun félagsþjónustunnar, málefni fatlaðra og heimaþjónustu rekstrarárið 2020.
Áætlaður kostnaður vegna félagsþjónustudeild er 75.392.130
Áætlaður kostnaður vegna málefni fatlaðra er 10.278.079.
Áætlaður kostnaður vegna heimaþjónustu er 41.541.140
Stjórn Byggðarsamlagsins samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti.

2. Drög að fjárhagsáætlun skólaþjónustunnar rekstarárið 2020.
Áætlaður kostnaður vegna skólaþjónustunnar er 73.088.091
Stjórn Byggðarsamlagsins samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.



Skaftárhreppur

8. Fundargerð 32. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps, dags.6.12.2019
 1. Drög að lýsingu á aðalskipulagi
Í kafla 3.4. er farið í Náttúruverndaráætlun og svæði talin upp sem eru á náttúruminjaskrá. Gott væri að skilgreina þá upptalningu betur t.d.hvort þau falli undir A,B eða C hluta náttúruverndaráætlunar.
Þörf er að taka inn í kafli 4.2. Viðfangsefni þau atriði seem fram komu á íbúafundi 16.október s.l.
Fjalla þarf um uppbyggingu og vernd mikilvægra ferðamannastaða.
Bæta ætti við Ferðamálastofu í þær stofnanir sem aðalskipulagið er sent til til umsagnar.
Í kafla 5.2 er fjallað um viðmið og megin spurningar í umhverfismati áætlunarinnar: þar er ekki talað um jarðmyndanir (gervigígar, nútímahraun o.fl.) Gæti átt heima undir landslagi eða nátturu og menningarminjar.
Ekki er fjallað um lýðheilsu sem eru mikilæg atriði í skipulagsmálum, þörf er að bæta úr því.
Sveitarstjórn þakkar fyrir athugasemdirnar og visar þeim í vinnuhóp um aðalskipulag. Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.
9. **Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**
 1. 1912009 Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.
Sveitarstjórn þakkar erindið. Sveitarstjórn samþykkir styrkheiðnina samhljóða. Tekið af lið 2140-9191
 2. 1912010 Breyting á skipan í atvinnumálanefnd og íþróttu og tómstundanefnd á vegum Z lista.
Sveitarstjórn þakkar Auði Hafstað nefndarstörfin. Z listinn tilnefnir: Fanneyju Ólöfu Lárusdóttur sem varamann í Íþróttu og tómstundanefnd og Heiðu Guðnýju Ásgeirs dóttur sem varamann í Atvinnumálanefnd.
 3. 1912011 Breyting á skipan í menningarmálanefnd á vegum D lista
Sveitarstjón þakkar Katrinu og Rannveigu fyrir nefndarstörfin og D listinn tilnefnir Gunnar Híram Erlendsson og Ólaf Jílíusson sem aðalmenn í Menningarmálanefnd.
 4. 1912012 Beiðni um styrk vegna reksturs Afslsins, dags. 06.12.2019
Sveitarstjórn þakkar erindið en getur ekki orðið við beiðninni að þessu sinni.
 5. 1912013 Erindi til Skaftárhrepps vegna ráðningar starfsmanns í móttöku erlendra starfsmanna.
Sveitarstjórn þakkar erindið. KG, EBH, BG og AH telja ekki svigrúm innan fjárhagsáætlunar 2020 í verkefnið. GBP situr hjá við afgreiðsluna.
 6. 1912014 Erindi til Skaftárhrepps vegna samstarfsverkefnis Skaftárhrepps og Kirkjubæjarstofu um atvinnu- og kynningarmál, dags.30.11.2019
Sveitarstjórn þakkar erindið. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi um atvinnu og kynningarmál í fjárhagsáætlun.
 7. 1904010 Samningur um afhendingu götulýsingarkerfis til eignar í Skaftárhreppi.
Fyrir fundinum liggur samningur Skaftárhrepps og Rarik um yfirtöku sveitarfélagsins á götulýsingarkerfinu á Kirkjubæjarklaustri. Eignfærslan tekur gildi við undirritun samningsins. Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Skaftárhrepps.
 8. 1912015 Innkaupastefna og innkaupareglur Skaftárhrepps.

GBP AM
BVG KBL XG



Skaftárhreppur

Sveitarstjóri leggur fram drög að innkaupastefnu og reglum um innkaup fyrir Skaftárhrepp. Ný lög um opinber innkaup voru samþykkt árið 2016 og er þessum reglum ætlað að vera lögnum til fyllingar og útfæra framkvæmd innkaupa hjá sveitarfélagim. Innkaupastefnan og innkaupareglurnar samþykktar samhljóða af sveitarstjórn. Sveitarstjóra falið að upplýsa forstöðumenn og þá sem heimild hafa til að stofna til útgjalda um reglurnar.

9. 1912016 Erindi frá Kirkjubæjarstofu varðandi málefni Eldvilja, dags. 21.11.2019
Sveitarstjón þakkar erindið og tekur undir samþykkt Kirkjubæjarstofu varðandi fyrirkomulag um upphyrningu Pekkingarseturs.
 10. 1604013 Beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda fyrir björgunarsveitina Kyndil, dags. 3.12.2019
Sveitarstjórn þakkar erindið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða beiðni björgunarsveitarinnar Kyndils um niðurfellingu fasteignagjalda árið 2020. Gert er ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlum 2020.
- Katrín Gunnarsdóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi.
11. 1912018 Beiðni um námsvistun utan lögheimilissveitarfélags
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða beiðni um námsvistun utan lögheimilissveitarfélags. Sveitarstjóra falið að ljúka málinu.
- Katrín Gunnarsdóttir mætir aftur til fundarins.
12. 1912019 Erindi frá Kirkjubæjarstofu varðandi kynningu á verkefninu Þekkingarsetur í Skaftárhreppi.
Sveitarstjórn þakkar erindið og felur kynningarfulltrúa að vinna að málinu í samvinnu við sveitarfélagið.
 13. 1910013 Seinni umræða fjárhagsáætlunar Skaftárhrepps 2020-2023.
Sveitarstjóri fer yfir greinargerð með fjárhagsáætlun Skaftárhrepps sem verður birt ásamt samþykkti fjárhagsáætlun 2020-2023 á www.klaustur.is.

Fjárhagsáætlun 2020 gerir ráð fyrir að heildartekjur sveitarfélagsins verði 671.067 þús.kr. Þar af skatttekjur 422.730 þús.kr., framlög jöfnunarsjóðs 116.214 þús.kr. og aðrar tekjur 132.123 þús.kr. Laun og launatengd gjöld verði 349.965 þús.kr. Annar rekstrarkostnaður verði 278.735 þús.kr. og afskriftir 28.765 þús.kr. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði fyrir samantekin A- og B-hluta er áætluð 13.602 þús.kr. Fjármagnsliðir verði 8.158 þús.kr. og rekstrarniðurstaða verði 5.444 þús.kr. Eignir eru áætlaðar 813.508 þús.kr. og þar af handbært fé 40.841 þús.kr., skuldir og skuldbindingar samtals 245.570 þús.kr. og eigið fé verður 567.938 þús.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 23.052 þús.kr. og afborganir langtímalána verður 18.830 þús.kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármumum verður 88.240 þús.kr. Nýtt langtímalán tekið hjá Lánaþjóði sveitarfélaga að upphæð 40 millj.kr vegna upphyrningar áhaldahúss.

Áætlun 2021-2023 er uppreiknuð samkvæmt þjóðhagsspá.

Áætlun 2021 gerir ráð fyrir 2,5% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 5.812 þús.kr.

Áætlun 2022 gerir ráð fyrir 2,5% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 13.826 þús.kr.

Áætlun 2023 gerir ráð fyrir 2,5% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 31.623 þús.kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun 2020-2023.



Skaftárhreppur

- 14.** Úrgangsstjórnunarlausnir. Tilraunaverkefni í samstarfi við ReSource og HÍ varðandi sorphirðu og sorpeyðingu.

Sveitarstjóri kynnir tillögu að tilraunaverkefni og verkefnalyssingu í úrgangsstjórmun í Skaftárhreppi. Verkefnið verður unnið í samstarfi við ReSource og Háskóla Íslands og hefst þann 1. febrúar 2020. Tilgangur verkefnisins er að þráa umhverfislega og efnhagslega hagkvæma lausn í sorphirðu- og sorpeyðingu í Skaftárhreppi. EBH, BG, AH og KG samþykkja að farið verði í þetta tilraunaverkefni. GBP situr hjá.

- 15.** 1912020 Jafnréttisáætlun – Endurskoðun
Ákveðið að fresta liðnum til næsta fundar.

- 16.** 1912002 Jafnlaunavottun – Tilboð
Frestað til næsta fundar

- 17.** 11 mánaða staða Skaftárhrepps.
Ákveðið að fresta liðnum til næsta fundar.

III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 3. fundar endurskoðunar sorphirðu, dags. 25.11.2019. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 14. fundar atvinnumálanefndar, dags. 29.09.2019. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 88 .fundar menningarmálanefndar, dags. 02.12.2019. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð 5. upplýsingarfundar um atvinnu og kynningarmál, dags. 13.05.2019. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð 200. fundar heilbrigðisnefndar Suðurlands,dags. 12.11.2019. *Fundargerð kynnt.*
6. Stjórnarfundur Bergrisans, dags. 28.11.2019. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni

1. Dómur Landsréttar í máli 238-2019 dags. 06.12.2019. *Kynnt.*
2. Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 24.10.2019. *Kynnt.*
3. Fundargerð 876. fundar stjórnar Sambands íslenska sveitarfélaga, dags. 29.11.2019. *Kynnt.*
4. Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið, úrskurður, dags. 21.11.2019. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 9. janúar 2020

Fundi slitið kl. 16:07

Eva Björk Harðardóttir

Bjarki Guðnason

Katrín Gunnarsdóttir

Gústaf B. Pálsson

Arndís Harðardóttir